

95. ársþing Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga



18. apríl 2016

Dalabúð

Dagskrá þingsins:

1. Þingsetning
2. Kosning þingforseta
3. Kosning annarra starfsmanna þingsins, 2 fundarritarar og 3ja manna kjörbréfanefnd
4. Skýrsla stjórnar
5. Álit kjörbréfanefndar
6. Ársreikningur ársins 2015 kynntur
7. Umræður um skýrslu stjórnar og reikning. Reikningar bornir upp til samþykktar
8. Ávörp gesta
9. Íþróttamaður UDN
10. Tillögur lagðar fram og skipað í nefndir ef með þarf
11. Hlé
12. Afgreiðsla tillagna
13. Kosningar
14. Önnur mál
15. Þingslit

Skýrsla stjórnar

Á árinu voru reglulega haldnir stjórnarfundir og allir vel mættir.

Í stjórn voru : Jenny, Heiðrún, Ingveldur, Herdís og Pálmi.

Varamenn: Finnbogi og Sigurður Bjarni.

Finnbogi kom inn í stjórn þegar Jenny hætti.

Í febrúar samþykkti stjórn að veita framkvæmdastjóra styrk til námsferðar á vegum UMFÍ til Danmerkur.

Samþykkt var á Sambandsþingi UDN 2015 að gefa hverjum einstaklingi á grunnskólaaldri jakka af nýja búningnum. Stjórn ákvað eftir þing að gefa 11 árgöngum jakka, einstaklinga fædda 1999 – 2009.

Sumarið fór því að mestu í búningamál.

UDN sendi keppendur á Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið var á Akureyri. Keppendur UDN stóðu sig vel.

Stjórn samþykkti í sumar að veita styrk til SamVest. Okkur finnst þetta vera flott samstarfsverkefni héraðssambandanna að ná saman stærri hóp af einstaklingum á sama aldri.

Í ágúst hætti Guðni sem framkvæmdastjóri UDN og óskum við honum velfarnaðar í því sem hann tekur sér fyrir hendur.

Í september var skrifað undir viðaukasamning við Dalabyggð um að UDN taki að sér verkefni íþrótt- og tómstundafulltrúa.

UDN hélt stórt lokahóf 2. september á Reykhólum þar sem Íþróttáálfurinn og Solla stirða mættu og skemmtu krökkunum. Þar voru einnig grillaðir hamborgarar og veittar viðurkenningar fyrir þátttöku, framfarir og góðan árangur í fjölbreyttum íþróttgreinum. Flott mæting.

Í nóvember sagði Jenny af sér sem formaður vegna flutninga til Svíþjóðar og þökkum við henni vel unnin störf. Undirituð tók við formannsstöðunni.

Í desember var skrifað undir nýjan viðaukasamning við Dalabyggð. Helstu breytingar verða að í stað þess að Dalabyggð ráði til starfa íþrótt- og tómstundafulltrúa í samráði við UDN þá tekur stjórn UDN að sér verkefni íþrótt- og tómstundafulltrúa eftir því sem við á í samræmi við drög að starfslýsingu.

Styrkur Dalabyggðar var greiddur út með sama móti og í fyrra.

Alls voru 897 félagsmenn í UDN í lok árs 2015. Starfandi félög innan UDN eru Ungmennafélögin Afturelding, Dögun, Ólafur Pái, Æskan og Stjarnan. Hestamannafélagið Glaður og Glímufélag Dalamanna.

Starfandi ráð innan UDN er frjálsíþróttaráð.

Fyrir hönd stjórnar.

Heiðrún Sandra, formaður

Ungmennasamband Dalamanna og Norður Breiðfirðinga (UDN) - 2015

Rekstrarreikningur

	Slefr.	Áreftun 2016	2015	Áreftun 2015	2014	2013
Rekstrarreikjur:						
Felagsgjöld	1	135.000	139.200	155.000	153.400	158.200
Framlög og styrkir (<i>Dalabyggð - starfsstyrkir o.fl.</i>)	2	1.310.000	1.955.000	1.000.000	1.000.000	0
Tekjur af Lottó	3	3.150.000	3.189.056	3.050.000	3.051.186	2.927.244
Aðrar tekjur (<i>Dalabyggð v/ fönstunarfylltrúið</i>)	4	3.800.000	48.577	250.000	0	181.777
Seldur fáttaður	5	300.000	685.125	0	21.000	0
		8.695.000	6.016.958	4.455.000	4.225.586	3.267.221
Rekstrargjöld:						
UDN blað		0	0	0	0	235.262
Mótráskostnaður	7	220.000	168.500	240.000	169.157	148.640
Lokahólf barna og ungmennastarfs UDN	8	250.000	235.150	100.000	68.670	49.725
Lauga- / Hólafljör	9	100.000	0	100.000	0	0
Framlög og styrkir	10	3.050.000	2.788.433	2.350.000	2.264.824	1.278.459
Laun og launategð gjöld	11	5.100.000	963.583	1.100.000	656.887	330.000
Skrifstofukostnaður	12	400.000	201.321	150.000	428.656	74.271
Stjórnun og umsýsla	13	150.000	166.310	130.000	158.297	0
Rekstur áhaldna og tækja		0	0	50.000	0	0
Kostnaður v/ söluvarnars	6	405.000	1.784.534	500.000	0	0
		9.675.000	6.307.831	4.720.000	3.746.491	2.116.357
		Rekstrargjöld alls				
Rekstrarmíðurstaða án fjármagnslöa		-980.000	-290.873	-265.000	479.095	1.150.864
Fjármunategjur og fjármagnsgjöld:						
Vaxiatekjur og verðbætur	14	135.000	138.937	150.000	142.836	117.765
Bankakostnaður	15	-35.000	-35.025	-35.000	-32.923	-27.837
		100.000	103.912	115.000	109.913	89.928
		Samtals				
Tekjuafgangur (-tap) af reglulegri starfsemi		-880.000	-186.961	-150.000	589.008	1.240.792
Tekjuafgangur (-tap) ársins		-880.000	-186.961	-150.000	589.008	1.240.792

Ungmennasamband Dalamanna og Norður Breiðfirðinga (UDN) - 2015

Efnahagsreikningur 31.12.2015

	Skýr.	2015	2014
<u>Eignir:</u>			
<u>Varanlegir rekstrarfjármunir:</u>			
Fastafjármunir	16	1.807.694	1.807.694
Fastafjármunir alls		<u>1.807.694</u>	<u>1.807.694</u>
<u>Veltufjármunir:</u>			
Vörubirgðir		74.640	49.640
Skammtímakröfur	17	607.170	415.269
Handbært fé	18	5.763.258	6.285.257
Veltufjármunir alls		<u>6.445.068</u>	<u>6.750.166</u>
<u>Eignir samtals:</u>		<u>8.252.762</u>	<u>8.557.860</u>
 <u>Skuldir og eigið fé:</u>			
<u>Eigið fé:</u>			
Birgðabreyting		25.000	-21.000
Óráðstafað eigið fé frá fyrra ári		6.850.023	6.282.015
Hagnaður (-tap) ársins		-186.961	589.008
Eigið fé alls		<u>6.688.062</u>	<u>6.850.023</u>
<u>Skuldir:</u>			
Skammtímaskuldir	19	1.564.700	1.707.837
Skammtímaskuldir alls		<u>1.564.700</u>	<u>1.707.837</u>
<u>Skuldir og eigið fé samtals:</u>		<u>8.252.762</u>	<u>8.557.860</u>

Ungmennasamband Dalamanna og Norður Breiðfirðinga (UDN) - 2015

Skýringar

	2015	2014
1. Félagsgjöld:		
Félagsgjöld aðildarfélaga (200 kr. pr. félagsmann 16+)	139.200	153.400
Samtals	<u>139.200</u>	<u>153.400</u>
2. Framlög og styrkir:		
Starfsstyrkur frá Dalabyggð	1.000.000	1.000.000
Styrkir vegna fatnaðar	955.000	
Samtals	<u>1.955.000</u>	<u>1.000.000</u>
3. Tekjur af Lottó:		
UMFI	2.091.307	1.994.223
Íþróttá- og Olympíusamband Ísl.	967.749	926.963
Utbreiðslustyrkur ISI	130.000	130.000
Samtals	<u>3.189.056</u>	<u>3.051.186</u>
4. Aðrar tekjur:		
ISI	3.957	
Íslenskar getraunir	44.620	0
Samtals	<u>48.577</u>	<u>0</u>
5. Seldur fatnaður:		
Seldur íþróttafatnaður	685.125	21.000
Samtals	<u>685.125</u>	<u>21.000</u>
6. Keyptur fatnaður:		
Keyptur íþróttafatnaður	1.784.534	0
Samtals	<u>1.784.534</u>	<u>0</u>
7. Mótakostnaður:		
Skráningargjöld v/ Unglingalandsmóts	150.000	126.000
Skráningargjöld v/ MÍ 15-22 ára	3.750	2.250
Skráningargjöld v/ MÍ 15-22 ára innanhúss	8.750	0
Skráningargjöld v/ Gogga Galvaska	6.000	19.000
Annar kostnaður við mót	0	24.512
Endurgreitt frá UMSB vegna / unglíngalandsmóts	0	-2.605
Samtals	<u>168.500</u>	<u>169.157</u>
8. Lokahóf barna og ungmennastarfs UDN:		
Skemmtiatriði (Dýri og María Ólafs.)	130.000	
Veitingar (Dalakot)	40.000	
Viðurkenningar (fótbolti, fjálsar, hestar)	65.150	68.670
Samtals	<u>235.150</u>	<u>68.670</u>
9. Lauga / Hólafjör:		
Kostnaður	0	0
Þáttökugjöld (tekjur)	0	0
Samtals	<u>0</u>	<u>0</u>

Ungmennasamband Dalamanna og Norður Breiðfirðinga (UDN) - 2015

	2015	2014
10. Framlög, styrkir og árgjöld:		
Argjald til UMFÍ (Umhverfissjóður)	0	3.835
*Hlutur aðildarfélaganna af Lottótekjum	1.913.433	1.220.474
Aðildarfélag UDN í Dalabyggð v/ styrks frá Dalabyggð	800.000	1.000.000
Styrkur til SamVest samstarfsins	75.000	20.515
Norræn ungmennavika	0	20.000
Samtals	2.788.433	2.264.824
11. Laun og launatengd gjöld:		
Laun og launatengd gjöld vegna framkvæmdastjóra	893.583	656.887
Kynniferð til Danmerkur (<i>dregið af lottótekjum</i>)	70.000	0
Samtals	963.583	656.887
12. Skrifstofukostnaður:		
Rekstur udn.is - (ISNIC + Fjarskipti hf.)	33.530	30.369
Hýe - ný heimasíða	0	348.012
Hýe	89.136	30.068
Burðargjöld og ljósritun	75.665	17.217
Innlendar bækur, blöð og tímarit (Skinfaxi)	2.990	2.990
Samtals	201.321	428.656
13. Stjórnun og umsýsla:		
Gisting og ferðakostnaður vegna UMFÍ þings	77.320	142.950
Auglýsingar	76.733	0
Fundakostnaður	12.257	15.347
Samtals	166.310	158.297
14. Vaxtatekjur og verðbætur:		
Vaxtatekjur	138.937	142.836
Samtals	138.937	142.836
15. Vaxtagjöld:		
Dráttarvextir	1.520	0
Bankakostnaður, þjónustugjöld	5.719	4.357
Fjármagnstekjuskattur	27.786	28.566
Samtals	35.025	32.923
16. Fastafjármunir:		
Stapavöllur	1.807.694	1.807.694
Samtals	1.807.694	1.807.694
17. Skammtímakröfur:		
Styrkloforð - Smakaup og MS	0	
Félagsmenn v/ íþróttafatnaðar	93.530	
Félagsmenn (<i>gamalt</i>)	5.205	5.205
Lottó frá UMFÍ og ÍSÍ	365.004	266.633
Útistandandi kröfur (<i>gamalt</i>)	123.431	123.431
Óinnheimtir styrkir (<i>gamalt</i>)	20.000	20.000
Samtals	607.170	415.269

Ungmennasamband Dalamanna og Norður Breiðfirðinga (UDN) - 2015

	2015	2014
18. Handbært fé:		
Reikn. 0312-26-007263	1.294.251	1.567.832
Reikn. 0312-26-009100	172.122	28.561
Reikn. 0312-13-868084	4.296.885	4.688.864
Samtals	5.763.258	6.285.257
19. Viðskiptaskuldir:		
Auglýsing - Prentmet Vesturlands	35.069	0
Þjónustugjald til FRÍ vegna aðildarfélaga	98.000	49.000
Styrkur til aðildarfélaga	542.018	550.814
Ógreitt Lottó til aðildarfélaga	851.445	1.069.855
Ógreiddir reikningar (<i>gamalt</i>)	38.168	38.168
Samtals	1.564.700	1.707.837
*Hlutur aðildarfélaga af lottótekjum 2015		
Glimufélag Dalamanna	294.361	126.103
Hestamannafélagið Glaður	506.416	383.865
Umf. Afturelding	422.778	275.990
Umf. Dögun	120.705	72.452
Umf. Ólafur Pá	64.157	52.486
Umf. Stjarnan	147.828	89.395
Umf. Æskan	357.188	292.894
	1.913.433	1.293.185

Niðurstaða:

6.285.257	Handbært fé 31.12.2014
415.269	Kröfur 2014
-1.707.837	Skuldir 2014
-186.961	Rekstrarafkoma 2015
1.564.700	Skuldir 2015
-607.170	Kröfur 2015
5.763.258	Handbært fé 31.12.2015

Áritun skoðunarmanna


Til stjórnar og aðildarféлага Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga.

Við undirritaðar, félagskjörnir skoðunarmenn UDN, höfum yfirfarið bókhald sambandsins fyrir árið 2015 og teljum að framlagðir reikningar gefi glögga mynd af rekstri sambandsins á árinu 2015 og stöðu þess í árslok.

Við leggjum því til að reikningar sambandsins verði samþykktir.

Dags. 15. apríl 2016


Ingibjörg Jónsdóttir


Anna Berglind Halldórsdóttir

Tillögur

Tillaga 1

95. ársþing UDN haldið í Dalabúð, 18. apríl 2016 þakkar sveitastjórnnum Dalabyggðar og Reykhólahrepps fyrir veittan stuðning á árinu.

Tillaga 2

95. ársþing UDN haldið í Dalabúð, 18. apríl 2016 leggur til að ráðin fimm frjálsíþróttaráð, knattspyrnuráð, sundráð, blakráð og badmintonráð verði áfram til undir UDN en á þessu þingi verði einungis kosnir fulltrúar í frjálsíþróttaráð og knattspyrnuráð. Stjórn verði heimilt að skipa fólk í önnur ráð á milli þinga ef þörf er á og óskir koma frá félagsmönnum um að þau hefji störf að nýju.

Tillaga 3

95. ársþing UDN haldið í Dalabúð, 18. apríl 2016 samþykkir að hafa félagsgjöld óbreytt eða kr. 200 fyrir hvern aðila 16 ára og eldri.

Tillaga 4

95. ársþing UDN haldið í Dalabúð, 18. apríl 2016 samþykkir eftirfarandi tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

Tillaga 5

95. ársþing UDN haldið í Dalabúð, 18. apríl 2016 hvetur sambandsaðila til að auka þátt umhverfisverndar í starfi sínu, til dæmis með því að framkvæma hreinsunaráttök á sínum svæðum.

Starfsskýrslur aðildafélaga UDN 2015

Hér á eftir má lesa um starf aðildafélaga innan UDN árið 2015. Eftirfarandi félög eru aðildafélög UDN:

- Glímufélag Dalamanna
- Hestamannafélagið Glaður
- Ungmennafélagið Afturelding
- Ungmennafélagið Dögun
- Ungmennafélagið Ólafur Pái
- Ungmennafélagið Stjarnan
- Ungmennafélagið Æskan

Einnig má lesa skýrslu frjálsíþróttaráðs.

Ungmennafélagið Afturelding Reykhólaheppi

Starfsskýrsla 2015

Á starfsárinu 2015 voru haldnir 4 stjórnarfundir og aðalfundur var haldinn miðvikudaginn 25. mars. Þá fór úr stjórn Vilberg Þráinsson. Inn kom Guðrún Guðmundsdóttir. Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og Rebekka Eiríksdóttir sátu áfram í stjórn.

Æfingar

Badmintonæfingar voru einu sinni í viku frá janúar til apríl og sá Jóhanna Ösp Einarsdóttir um æfingarnar. Æfingarnar voru fyrir 5. bekk og uppúr.

Fótboltaæfingar voru frá janúar fram í apríl. Ingibjörg Emilsdóttir sá um æfingarnar.

Fimleikahelgi var 23. – 25. maí. Æfingarnar voru fyrir 3 ára og eldri. Þjálfari var Anna Greta Ólafsdóttir.

Fótboltahelgi var 23. – 25 maí. Þjálfari var Bjarni Jóhannesson.

Ævintýranámskeið var haldið í 2 vikur í júní fyrir 5 – 9 ára. (2010-2006) Umsjónarmaður var Jóhanna Ösp Einarsdóttir.

Ævintýraútilega var fyrir 10 ára og eldri 26. júní. Þá var hjólað inn í Barmahlíð og sofið úti um nóttina. Hjólað til baka daginn eftir. Umsjón Jóhanna Ösp.

Reiðnámskeið var á Reykhólum 15. og 16. júní fyrir 6 ára og eldri. Kennt var 2 sinnum yfir daginn. Þjálfari var Guðmundur Skúlason og hjálparhella var Styrmir Sæmundsson

U.M.F.A. stóð fyrir 3 fjölskyldugöngum yfir sumarið. Farið var upp að Heyjáfossi, Réttarfossi í Gautsdal og Kílonsvatni.

Unnur Jónsdóttir kom 2 sinnum yfir sumarið með frjálsíþróttæfingar.

Æfingar utan hrepps.

Mjög góð þátttaka hefur verið á SamVest æfingar sem haldnar hafa verið.

5 krakkar fóru frá U.M.F.A í frjálsíþróttaskólann í Borgarnesi í júní. Félagið hefur greitt hluta af kosnaði.

Viðburðir

Kvennahlaupið var haldið 13. júní. Í boði voru 4 vegalendir. 2 km, 3 km, 5 km og 7 km. Hlaupið var núna út Reykjanesið.

Friðarhlaupið var á Reykhólum 20. júní.

Mót

Félagsmenn hafa verið hvattir til að sækja þau mót sem haldin hafa verið í nærsveitum t.d. kvöldmót í frjálsum í Búðardal og fótbolta- og frjálsíþróttamót á Hólmavík. Farið var á Gogga galvaska og Unglingalandsmótið á Akureyri. Einnig voru önnur frjálsíþróttamót sótt.

Styrkir

Styrkir fengust frá Reykhólahreppi og Orkubúi Vestfjarða.

Annað

Í kjallari sundlaugar er rekin þreksalur.

Auglýsingaskilti hanga á skjólgirðingu í sundlaug.

Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir formaður

Rebekka Eiríksdóttir ritari

Guðrún Guðmundsdóttir gjaldkeri..

Starfsskýrsla umf. Stjórnunnar árið 2015

Félagsmenn Stjórnunnar tóku virkan þátt í þeim atburðum sem haldnir voru, bæði í íþróttum og öðrum samkomum.

Félagar Stjórnunnar tóku þátt í æfingum á vegum SamVest samstarfsins og kvöldmótum UDN sem haldin voru á vegum frjálsíþróttaráðs. Einnig tóku félagar þátt í unglíngalandsmóttinu sem haldið var á Akureyri s.l. sumar og fleiri mótum utan héraðs.

Eins og undanfarin ár var Stjarnan í samstarfi við Æskuna, Ólaf Pá og Dögun um íþróttastarf í Dalabyggð.

Í janúar og febrúar 2015 bauð samstarf ungmennafélaganna upp á körfuboltanámskeið á Laugum fyrir 5.-10. bekk í umsjá Guðna Alberts Kristjánssonar, í beinu framhaldi af því var námskeið í Badminton sem var út mars í umsjá Jörgens Nilssonar, voru þessi námskeið bæði vel sótt. Frá byrjun febrúar og framm í maí var boðið upp á fótboltaæfingar á sparkvellingum í Búðardal og sá Guðni Albert um þær. Frístundastarf var í boði fyrir 1.-4. bekk á gæslutíma Auðarskóla í umsjón Önnu Sigríðar Grétarsdóttur.

Sumarstarfið var með hefbundnu sniði að viðbættu leikjanámskeiði fyrir börn fædd 2005-2008, leiðbeinandi á námskeiðinu var Gunnur Rós Grettisdóttir og var hún einnig þjálfari á frjálsíþróttæfingum fyrirpart sumars en Pálmi Jóhannsson og Jóhanna S. Árnadóttir sáu um síðstu æfingarnar. Vésteinn Örn Finnbogason var þjálfari á fótboltaæfingunum.

S.l. haust var haldið sjö vikna íþróttanámskeið 2 x í viku á gæslutíma í skóla fyrir yngsta stig og strax eftir skóla inn á Laugum fyrir mið og efsta stig, ásamt öðrum hvorum laugardegi á tímabilinu fyrir alla inn á Laugum. Boðið var upp á akstur að Laugum á virkum dögum fyrir krakkana en foreldrar sáu um að sækja þau. Á þessum æfingum voru í boði ávextir sem keyptir voru af Tómstundabúðunum. Pálmi Jóhannsson og Jenny Nilsson sáu um utanumhald á þessu starfi í samstarfi við Tómstundabúðirnar á Laugum og fleiri aðila.

Pálmi Jóhannsson og Pálína Jóhannsdóttir sáu um æfingar hjá yngri krökkunum á virkum dögum og var fótbolti og íþróttaskóli með ýmsum æfingum og leikjum uppistaða þjálfunarinnar. Á laugardögum var einnig boðið upp á sund en þá komu íþróttakennarar að verkefninu.

F.h. umf. Stjórnunnar
Arnar Eysteinnsson, formaður

Starfsskýrsla Glímufélags Dalamanna 2015

Starf Glímufélags Dalamanna var með hefðbundnu sniði árið 2015. Félagið sendi þó keppendur á færri mót Glímusambands Íslands, miðað við árin á undan. Jóhann Pálmason og Anna Sigríður Grétarsdóttir buðu reglulega upp á æfingar fyrir yngsta stig Auðarskóla og voru þær vel sóttar.

Hér má sjá árangur glímumanna GFD árið 2015:

Sindri keppti á flestum glímumótum á vegum Glímusambands Íslands. Hér má sjá árangur Sindra árið 2015:

- Í lok ársins 2015 var Sindri í 7. sæti á styrkleikalista glímumanna – unglingar.
- 4. sæti á Bikarglímu Íslands – Unglingaflokkur -80 kg.
- 3. sæti í 3. umferð í meistaramótaröð GLÍ – Unglingaflokkur -80kg.
- 3. sæti í Meistaramóti Íslands 2014-2015. – Unglingaflokkur -80kg.
- 2. sæti á Unglingalandsmóti UMFÍ – Strákar 17 ára.

Gunnlaugur Týr Vilhjálmsson keppti í sama flokki og Sindri og varð í 5. sæti á Meistaramóti Íslands 2014-2015. GFD var í 4. sæti í stigakeppni félaga í Unglingaflokki og í 6. sæti í heildarstigakeppni félaga á Meistaramóti Íslands 2014-2015. Á Unglingalandsmóti UMFÍ voru tveir keppendur í glímu, en þeir kepptu undir merkjum UDN. UDN eignaðist Unglingalandsmótsmeistara í glímu, en það var Hilmar Jón Ásgeirsson. Hann keppti í flokki 13 ára stráka. Einnig keppti Hólmfríður Tanja Steingrímisdóttir, en hún þurfti að hætta keppni vegna meiðsla.



Mynd frá glímuæfingu í Dalabúð.

Fyrir hönd Glímufélags Dalamanna

Svana Hrönn Jóhannsdóttir



Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7
370 Búðardal
www.gladur.is

Starfsskýrsla Glaðs til UDN - starfsárið 2015

Hestamannafélagið Glaður starfaði af krafti á árinu 2015 eins og árin á undan. Aðalfundur var haldinn þann 30. mars 2015 og þegar þetta er ritað er nýafstaðinn aðalfundur 2016, haldinn þann 11. apríl. Stjórn félagsins hittist á 4 formlegum stjórnarfundum á milli þessara tveggja aðalfunda. Stjórnin var þannig skipuð fram að aðalfundi 2016:

Þórður Ingólfsson, formaður
Svala Svavarsdóttir, gjaldkeri
Gyða Lúðvíksdóttir, ritari
Viðar Þór Ólafsson, meðstjórnandi
Þórarinn Birgir Þórarinsson, meðstjórnandi
Heiðrún Sandra Grettisdóttir er varaformaður og situr stjórnarfundum skv. hefð.

Fundargerð aðalfundarins 2015 er hér lög félagsins eru hér Núgildandi. Ársreikningi og félagatali er skilað í gegnum Felix að venju.

Félagar í Glað voru 154 í mars 2015 en nú í apríl 2016 eru þeir 153, þar af eru 47 sautján ára og yngri.

Félagstarf Glaðs byggist að mestu leiti á öflugum starfi í nefndum sem hver fer með sinn málaflokk. Þessar nefndir eru nú starfandi í félaginu: Fræðslu- og æskulýðsnefnd, kynbótanefnd, mótanefnd, reiðveganefnd, skemmtinefnd og tölvu- og tækninefnd.

Mótahald

Mótahald var með hefðbundnum hætti hjá félaginu á árinu 2015. Haldin voru þrjú innanhússmót í febrúar og mars: Smalamót, Tölmót og Þrígangsmót. Vetrarleikum þurfti að fresta vegna afleits veðurs en þeir voru svo haldnir á reiðvellinum í apríl. Í byrjun maí var haldið opið hestaíþróttamót. Gæðingakeppni okkar, Hestaþing Glaðs var svo haldið í júní og var það sömuleiðis opið mót. Þátttaka var góð í öllum mótum félagsins og ekki síst opnu mótunum.

Á mótum Glaðs öðrum en Hestaþinginu fer fram stigakeppni þar sem keppendur safna stigum yfir keppnisárið og eru svo þeir stigahæstu verðlaunaðir í lok íþróttamótsins. Einnig fór fram liðakeppni á sömu mótum þar sem keppendur röðuðust í lið eftir búsetu og söfnuðu stigum.

Niðurstöður allra móta Glaðs má sjá á vef félagsins www.gladur.is

Vesturlandssýning fór fram í reiðhöllinni í Borgarnesi þann 28. mars 2015. Eins og áður tók Glaður fullan þátt í undirbúningi hennar og Dalamenn áttu þar sín sýningaratriði sem sómi var að. Sýningin þótti takast vel.

Fræðslu- og æskulýðsstarf

Reiðnámskeið var haldið á fjórum dögum á tímabilinu janúar – maí, kennari var Randi Holaker. Þátttaka var góð, liðlega 30 manns sóttu námskeiðið. Randi var einnig með áhugaverða sýnikennslu í reiðhöllinni þann 1. maí og hún tók einn nemanda í próf í Knapamerki 1.

Reiðnámskeið var einnig haldið í Búðardal 4 daga í júní en þá kenndi Sjöfn Sæmundsdóttir og tóku yfir 20 manns þátt í því.

Þriðja reiðnámskeiðið var svo haldið á Reykhólum tvo daga í júní í samvinnu við ungmennafélagið Aftureldingu. Tuttugu manns tóku þátt, nær eingöngu börn. Hestar voru útvegaðir fyrir þau börn sem þurftu þess með. Guðmundur M. Skúlason var kennari á þessu námskeiði.

Ýmislegt annað

Enn var haldið áfram vinnu við reiðveg frá Breiðamel, fram hjá Saurum og Ási þar sem við höfum verið að færa reiðveginn fjær þjóðveginum. Styrkur kom til verksins af reiðvegafé eins og undanfarin ár.

Skemmtikvöld var haldið í mars en þar voru m.a. veittar viðurkenningar fyrir árangur í keppni á árinu 2014 Nokkur kvöld hittust Glaðsfélagar líka og horfðu saman á beina útsendingu frá Meistaradeild í hestaíþróttum. Skipulögð var skemmtiferð í júní en henni varð að aflýsa vegna ónógrar þátttöku. Árshátíð vestlenskra hestamanna var haldin í Reykholti í nóvember á vegum Hestamannafélagsins Faxe og þar var ágæt mæting frá Glað.

Hestamannafélögin á Vesturlandi eiga með sér allnokkurt samstarf um mótahald og ýmislegt fleira. Formenn félaganna hittast reglulega á fundum og ræða ýmis mál. Nú hefur nýlega verið ákveðið að stefna að því að næsta Fjórðungsmót Vesturlands fari fram í Borgarnesi árið 2017.

Glaður á nú einn fulltrúa í stjórn Landssambands Hestamannafélaga en það er Eypór Jón Gíslason. Félagið á einnig fulltrúa í Tölvunefnd LH.

Félagið heldur nú sem fyrr úti öflugum vef, www.gladur.is fyrir félagsmenn og aðra áhugasama og er þar að finna fréttir og ítarlegar upplýsingar um starfsemi félagsins. Þar eru lög félagsins, niðurstöður allra móta, upplýsingar um stjórn og nefndir og fjölmargt annað. Félagið er einnig með síðu á facebook.

Fyrir hönd Hestamannafélagsins Glaðs í apríl 2016,

Þórður Ingólfsson, formaður

Starfsskýrsla - Umf. Dögun starfsárið 2015

Starfsemi ungmennafélagsins Dögunar var með hefðbundnum hætti síðasta ár.

Starfið var fremur rólegt, fá ungmenni búa á félagssvæðinu en félagið kappkostar að styðja þau til sinna áhugamála eftir bestu getu. Einnig erum við í samstarfi með öðrum ungmennafélögum í Dalabyggð að efla og skipuleggja íþrótt- og tólmundastarf fyrir börn og unglinga í Dalabyggð.

Porrablót var haldið að Staðarfelli að vanda, þar hjálpast allir að, allt unnið í sjálfböðavinnu. Umf. Dögun á eignarhlut í félagsheimilinu að Staðarfelli og hefur alltaf tekið þátt í viðhaldi og rekstri hússins, bæði með sjálfböðavinnu og eins með kaupum á búnaði ofl.

Ungmennafélagið Dögun var stofnað 21. apríl 1916 og fagnar því 100 ára starfsafmæli á sumardaginn fyrsta 21. apríl nk. Stefnt er að því að gera ýmislegt skemmtilegt á afmælisárinu

Svo er bara vonandi að fólki fari að fjölga til sveita og byggðin eflist og starfið ☺

Íslandi allt!

Hrefna S. Ingibergsdóttir
formaður



Starfsskýrsla 2015

Ungmennafélagið Ólafur Pá

Á árinu 2015 var ungmennafélagið Ólafur Pá þátttakandi í samstarfi ungmennafélaganna um sameiginlegar sumar æfingar fyrir börn og unglunga.

Aðeins hefur fjölgað ungum iðkendum hjá félaginu sem er gott.

Líkt og undanfarin ár hefur Líkamsræktarstöðin að Vesturbraut 20 hefur verið vel nýtt. Enn fjölgar notendum. Alls hafa um 50 lykklar verið í útleigu sem er nokkuð gott hlutfall þar sem fyrir hverjum lykli eru á bilinu 1-2 sem nýta hann frá hverju heimili. En miðað er við að hver lykill gildi fyrir heimilisfólk.

Umsjónarmaður með salnum og sér um þrif er Jóhanna Lind Brynjólfssdóttir.

Endurnýjun var á tækjum og búnaði ásamt því að lagt var í töluvert viðhald á aðstöðu stöðvarinnar sem að mestu var unnið að starfsmönnum Dalabyggðar. En stefnt er að enn frekari lagfæringum á komandi ári.

Framtíðar plön verður vonandi hentugra og betra húsnæði fyrir stöðina.

Við erum enn að bjóða félagi eldri borgara fría afot af salnum 1 x í viku. Leiðbeinendur hafa tekið nokkra tíma í viku til hópkenndu. Eins höfum við reynt að hafa opið hús með leiðbeinanda til að kenna einstaklingum á tæki.

Þá höfum við komið á móts við einstaklinga sem þurfa á endurhæfingu að halda.

Aðalfundur var haldinn og nokkrir stjórnarfundir.

Stjórn Umf Ólafs Pá

Baldur Þórir Gíslason

Ingibjörg Jóhannsdóttir

Svala Svavarsdóttir

Starfsskýrsla ungmennafélagsins Æskunnar 2015.

Starf ungmennafélagsins Æskunnar var með nokkuð hefðbundnu sniði á árinu 2015.

Barna og ungmennastarfið var unnið í samstarfi við hin ungmennafélögin í Dalabyggð, þ.e. Ólaf Páa, Dögun og Stjörnunna, og kunnum við þeim miklar þakkir fyrir það starf sem var stýrt af samstarfsnefndinni góðu.

Árið 2015 var fyrsta árið í ca. 30 ár sem ekki var göngudagur Æskunnar og er ásetningur um að það gerist ekki aftur.

En framkvæmdir við Grafarlaug eru alltaf á dagskrá Æskunnar og var á árinu lokið við frumhönnun á sturtu og hitastýringahúsnæði við laugina, og standa vonir til að jarðframkæmdum ljúki á árinu 2016. En þetta eru fjárfrekar framkvæmdir og hefur fjárhagur félagsins áhrif á framkvæmdahraðann.

Félagið rekur líkamsræktina Ársport í samstarfi við kvenfélagið Fjólu í kjallara félagsheimilisins Árbliks.

Félagið á 16 ha. lands með öllum gögnum og gæðum á Nesodda, þar sem var gamli samkomu og þingstaður Miðdælinga, þar á félagið íþróttavöll og húsnæði með salernisaðstöðu.

Félagið hefur haft það að leiðarljósi í sínum framkvæmdum að sníða sér stakk eftir vexti.

Með kærri ungmennafélagskveðju

Íslandi allt

Finnbogi Harðarson formaður

ungmennafélagsins Æskunnar

Skýrsla frjálsíþróttaráðs

Starfsárið 2015

Frjálsíþróttaráð stóð fyrir þeim þrem hefðbundnu sumarkvöldmótum í frjálsum, í Dalnum í Búðardal, og lokahátíð á Reykhólum í september. Frjálsíþróttaráð átti gott samstarf við framkvæmdanefnd SamVest. Iðkendur UDN voru hvattir til að sækja þau mót og æfingar sem í boði voru á sambandsvæðinu sem og atburði á vegum SamVest. Góður hópur var duglegur að sækja þessa viðburði

Lokahóf fór fram í byrjun september og var haldið á Reykhólum. Þar var uppgjör á sumarstarfinu og viðurkenningar veittar. Viðurkenningar voru veittar fyrir góða mætingu á æfingar og mót í sumar. Viðurkenningar fyrir bestu afrek kvenna og karla voru veittar og eins viðurkenning fyrir mestu framfarir frá 2014 (miðað er við stigatöflu FRÍ fyrir unglunga fyrir bestu afrek og framfarir). Allir keppendur á kvöldmótum UDN fengu þátttökuviðurkenningu og skjal yfir besta árangur sumarsins samanborið við árangur frá árinu 2014. Á því skjali má sjá framfarir sem orðið hafa milli ára. Fjöldi þátttakenda á kvöldmótum UDN var heldur meiri en árið 2014. Þátttakendur 10 ára og yngri voru 46 og þátttakendur á aldrinum 11 – 15 ára voru 23 sem er ánægjuleg aukning frá árinu 2014.

Meðal atburða sem félagar UDN í frjálsum íþróttum sóttu eru Goggi galvaski, Vígslumót UMSSB frjálsíþróttaskólinn í Borgarnesi, samæfingar SamVest, mót á vegum HSS, Unglingalandsmót, Meistaramót FRÍ 11-14 ára, Bikarkeppni 15 ára og yngri, frjálsíþróttamót SamVest, æfingabúðir SamVest á Laugum og tveir iðkendur fóru á Gautaborgarleika. Forráðamenn okkar barna og unglunga eiga miklar þakkir skildar fyrir að standa að þessum ferðalögum á æfingar og mót.

Frjálsíþróttaráð þakkar keppendum, forráðamönnum og öðrum velunnurum fyrir samveru og aðstoð á starfsárinu 2015.

Frjálsíþróttaráð

Jóhanna Sigrún Árnadóttir

Herdís Erna Matthíasdóttir

Arnar Eysteinnsson

Úthlutunarreglur vegna starfsstyrkja frá Dalabyggð

Fylgiskjal A með samstarfssamningi UDN og Dalabyggðar

Í samræmi við lið 2 í samstarfssamningi Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga (UDN) og Dalabyggðar tekur UDN að sér að úthluta starfsstyrkjum til aðildarfélaga sinna, sem starfandi eru innan Dalabyggðar, samkvæmt reglum þessum.

1. grein

Stjórn UDN ráðstafar styrk Dalabyggðar til UDN. Stjórnin ákveður, samkvæmt eftirfarandi reglum, greiðslur til aðildarfélaga sinna og deilda sem hafa starfssvæði innan Dalabyggðar.

2. grein

Fyrir 1. febrúar skal UDN birta á vef sínum auglýsingu vegna umsókna um starfsstyrki. Einnig skal UDN senda auglýsingu um sama mál á aðildarfélög sín og deildir sem starfa í Dalabyggð. Umsóknir skulu hafa borist UDN fyrir 1. mars. Greiðsla styrkja fer fram einu sinni á ári, sem næst 1. apríl ár hvert.

3. grein

Um starfsstyrki geta sótt félög og deildir þeirra í Dalabyggð, sem sinna íþróttá-, félags- eða fræðslustarfi innan UDN eða hafa með höndum aðra sambærilega starfsemi. Megináhersla er lögð á að styrkja starf með börnum og unglingum yngri en 16 ára og að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðum skilningi. Starfsemin þarf að fara fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna, þannig að fagmennska sé viðhöfð við kennslu og þjálfun barna og unglunga.

Skilyrði er að félag hafi starfað í a.m.k. 2 ár og staðið skil á lögformlegum skyldum sínum t.d. haldið aðalfund, lagt fram ársskýrslu, ársreikninga o.s.frv.

Umsókn skal fylgja:

- a) Yfirlit yfir fjölda iðkenda og aldursskiptingu þeirra. Samkvæmt reglugerð Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands er iðkandi sá félagsmaður í íþróttá- eða ungmennafélagi sem stundar eina eða fleiri íþróttagreinar á vegum félagsins.
- b) Yfirlit yfir fjölda skipulagðra æfinga og lengd þeirra.
- c) Yfirlit yfir menntun og reynslu leiðbeinenda, ásamt markmiðum með starfi þeirra.
- d) Áætlanir um umfang starfsins og helstu verkefni.
- e) Upphæð sem sótt er um og í hvað henni skal varið.

4. grein

Standi fleiri en eitt félag fyrir æfingum í sömu íþróttagreini á sama æfingasvæði skulu þau sækja sameiginlega um styrk vegna þeirrar íþróttagreinar.

5. grein

Allir sem hljóta styrk skulu skila skýrslu til stjórnar UDN eftir að verkefni lýkur. Skýrslan skal innihalda nýtingu styrks, fyrirkomulag, helstu efnisatriði og árangur.

6. grein

Hlutföll og reglur um skiptingu starfsstyrkja skal endurskoða árlega á sambandsþingi UDN.